



Minnisblað

Vettvangsferð inn á friðland að Fjallabak með Heli Iceland

Fundarstaður: 17. september – Reykjavíkflugvöllur – friðland að Fjallabak

Vettvangsferð tími: 08:45-13:30

Fundarmenn:

Helga Hvanndal Björnsdóttir, Umhverfisstofnun

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun

Kristinn Guðnason, Rangárþingi ytra

Kristján Jónasson, Náttúrufræðistofnun Íslands

Reynir Freyr Pétursson, Heli Iceland

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

Vettvangsferðin:

Flogið var inn á friðland að Fjallabak frá Reykjavíkflugvelli, lagt var af stað klukkan 09:00 um morguninn 17. september. Flogið var yfir Gullfoss og Geysi og síðan lent við Háafoss í Þjórsádal til upplýsinga fyrir fundarmenn, til að sjá hvernig þyrluflugmenn beri sig að við flug yfir vinsælum ferðamannastöðum og við landingar á friðlýstum svæðum.

Á leiðinni inn að friðland að Fjallabaki var komið við hjá Háafossi og lent skammt frá útsýnisstað ofan við fossinn. Háifoss er vinsæll viðkomustaður þyrluflugmanna. Bent var á að einstaka þyrluflugmenn lentu ofan í gljúfrinu við Háafoss.

Farið var inn á friðlandið og helstu staðir skoðaðir í samræmi við þær ferðir sem boðið er uppá á vegum fyrirtækisins og annarra þyrlufyrirtækja. Helstu staðir sem flogið er yfir í útsýnisflugi er yfir jökulgil, Reykjadal og önnur svæði þar sem lítil umferð göngumanna er.

Lent var inn í Jökulgili eins og gert er í ferðum hjá flestum fyrirtækjunum, í jökulgilinu eru áreyrar og því góður staður til landingar þar sem ekki er hætt á raski. Bent var á að sumir þyrluflugmenn lenda ofan við gilið á fjallstoppum þar sem það er hægt, en er mun sjaldgæfara. Einnig var bent á viðkvæmt mosavaxið svæði sem áður var vinsælt að lenda á en þyrluflugmenn almennt hættir því í dag. Þá er einnig algengt að lent sé við hverasvæðið við Hrafninnusker

Einnig var lent í Landmannalaugum á varnargarðinum við bílastæðið inna við Námskvísl. Þyrluflugmenn telja þetta heppilegasta landingastaðinn í Landmannalaugum af öryggisástæðum.

Vettvangsferðin var einkar vel heppnuð þar sem bæði veðrið lék við ferðmenn og eins var hún afar upplýsandi fyrir fundarmenn til að vinna áfram að gerð stjórnunar -og verndaráætlunar fyrir friðlandið. Í kjölfar ferðarinnar mun jarðfræðingur Náttúrufræðistofnunar Íslands útbúa minnispunkta varðandi jarðminjar og viðkvæm svæði sem þyrluflugmenn geta notast við þegar lent er innan friðlandsins.

